

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 320/2015

2017/EES/64/26

frá 11. desember 2015

## um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495 frá 20. mars 2015 um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13cae (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„13caf. **32015 D 0495**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495 frá 20. mars 2015 um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB (Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 40).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Oda Sletnes**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 40.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.